

## GREINARGERÐ MEÐ SKÓLAMÁLASTEFNU SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Árið 1996 færðist allur rekstur grunnskólans yfir til sveitarfélaganna sem fyrir ráku leikskóla og tónlistarskóla eftir atvikum. Sveitarfélögin hafa með metnaðarfullum hætti staðið að uppbyggingu grunnskólans eftir yfirfærsluna og er rekstur hans einn stærsti kostnaðarliður hvers sveitarfélags, hlutfallslega stærri eftir því sem sveitarfélagið er fámennara. Þær raddir sveitarstjórnarmanna verða sífellt háværi sem vilja beina sjónum enn frekar að faglegum þáttum skólahaldsins ekki síður en þeim rekstrarlegu og ná góðu samstarfi við starfsfólk skóla og foreldra um að efla þá og þróa.

Á grunnskólaþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var 26. mars 2004 og bar yfirskriftina „Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna?“ töldu þingfulltrúar mikilvægt að sambandið yrði virkari stefnumótunar- og samræmingaraðili í grunnskólamálum, yrði öflugri tengiliður við skólaskrifstofur í landinu og myndi styrkja skrifstofu sína í þessu skyni. Koma þyrfti á sameiginlegum vettvangi innan sveitarstjórnarstigsins til að ræða málefni skóla og menntunar. Þar var jafnframt lagt til að sveitarfélögin í landinu mótuðu sér sameiginlega stefnu um skólamál á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga auk þess sem hvert sveitarfélag mótaði eigin skólastefnu.

Skólamálanefnd sambandsins, sem sett var á laggirnar árið 2005 á grundvelli tillagna grunnskólaþingsins, hefur unnið að mótun stefnu sambandsins í skólamálum. Hefur hún tekið miklum breytingum í því vinnuferli:

- Skólamálanefnd hélt daglangan vinnufund 13.09.06 þar sem skólamálastefnan var megin viðfangsefnið.
- Fyrstu drög að skólamálastefnu lögð fyrir stjórn sambandsins 27.09.06 til umfjöllunar og athugasemda.
- Uppfærð drög eftir athugasemdir stjórnarfundar send út 12.10.06 til umsagnar fimm fræðimanna á sviði skólamála.<sup>1</sup>
- Haldinn fundur með fimmmeningunum þann 14.11.06 sem fylgdu eftir athugasemdum sínum.
- Áframhaldandi vinna skólamálanefndar við endurskoðun draganna bæði á fundum og milli funda af einstaka nefndarmönnum.
- Þriðju drög send út 02.04.06 til tveggja af þeim fimm fræðimönnum sem upphaflega lásu þau.
- Nokkrir starfsmenn sambandsins fengu fjórðu stefnudrögin send til umsagnar og athugasemda og komu á fund skólamálanefndar 18.05.07 og fylgdu þeim eftir.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Ingvar Sigurgeirsson, Jóhanna Einarsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Sigurjón Mýrdal, Trausti Þorsteinsson.

<sup>2</sup> Gunnlaugur Júlíusson, Kristinn Kristjánsson, Valgerður Freyja Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir.

- Skólamálanefnd gekk frá fimmtu drögum að stefnu sambandsins í skólamálu á fundi sínum 12.06.07.
- Drög að greinargerð með stefnunni tekin til umræðu og úrvinnslu á fundi skólamálanefndar 15.08.07. Drögin lögð fyrir stjórnarfund 30.08.07 til umfjöllunar. Heimild stjórnar fengin til að senda þau, ásamt greinargerð, til sveitarfélaga til umsagnar og í kjölfarið til umfjöllunar á skólamálaþingi sambandsins.
- Drög að skólamálastefnu ásamt greinargerð send sveitarfélögum til umsagnar 14.09.07. (Alls sendu 29 sveitarfélög inn umsagnir).
- Drög að skólamálastefnu ásamt greinargerð lögð fyrir II. Skólalþing sveitarfélaga 30.11.07 til umfjöllunar.
- Skólamálastefna sambandsins lögð fyrir stjórn sambandsins til afgreiðslu 22.02.08 og samþykkti stjórnin stefnuna með smávægilegum breytingum.

Í skólamálastefnu sambandsins er sjálfstæði sveitarfélaga til að stjórna eigin skólamálu lagt til grundvallar. Áhersla er lögð á faglega og rekstrarlega ábyrgð þeirra á málaflokknum sem og samvinnu milli sveitarfélaga þegar slíkt á við. Hvert sveitarfélag markar sér sjálft áherslur og stefnu innan ramma gildandi laga og reglugerða og eru sveitarfélög hvött til þess að setja sér skóla- eða fræðslustefnu. Niðurstaðan varð sú að skipta skólamálastefnunni upp í fjóra megin þætti:

- *Hlutverk;*
- *Leiðarljós;*
- *Almenn stefnumið;*
- *Eftirlit og gagnaöflun.*

Með þessari fjórskiptingu eru hlutverk og starfsemi sambandsins betur skýrð og afmörkuð í málaflokknum. Stefnumörkuninni er fyrst og fremst ætlað að varpa ljósi á það hlutverk sem sambandið hefur gagnvart sveitarfélögum í þessum umfangsmikla málaflokki og hvernig það hyggst rækja það með sem skilvirkustum hætti í þágu þeirra. Sambandið lítur á sig sem *bakhjarl* sveitarfélaga í faglegu og rekstrarlegu tilliti. Áherslur miða því fyrst og fremst að því að aðstoða sveitarfélög við að efla starf skólanna þannig að þeir veiti leik- og grunnskólabörnum góða þjónustu með fjölbreyttu skólastarfi. Velferð nemenda er höfð í fyrirrími og áhersla lögð á mikilvægi samstarfs við heimilin. Varast skal að láta aðra hagsmuni skyggja þar á. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum kafla skólamálastefnunnar og taldir upp þættir sem sambandið annað hvort sinnir nú þegar í þessu skyni eða setur sér sem stefnumið að vinna að.

## **1. Hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga er eitt af meginhlutverkum sambandsins „að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi“. Þetta á við um skólamál jafnt og önnur verkefni sem sveitarfélögunum eru falin.

Hlutverk sitt í skólamállum hyggst sambandið uppfylla með eftirfarandi hætti:

- **Gæta hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart löggjafarvaldi, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum eftir því sem efni standa til.**
- **Vera tengiliður milli sveitarfélaga, menntamálaráðuneytis og annarra ráðuneyta þegar tilefni er til.**

Af sambandsins hálfu er talsvert leitað til skólaskrifstofa sveitarfélaga eftir upplýsingum í tengslum við einstök verkefni, t.a.m. skipulag sérfræðiþjónustu, fjölda nemenda sem þurfa tiltekinnar þjónustu með, reiknilíkön og sérstakar reglur, þjónustu við innflytjendur o.fl. Tengist gagnaöflunin gjarnan vinnu fulltrúa sambandsins í starfshópum og nefndum á vegum menntamálaráðuneytis eða annarra aðila vegna hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög og stefnumótun. Þá er upplýsingum miðlað til skólaskrifstofa frá ráðuneytinu og stofnunum þess til sveitarfélaga þegar ástæða þykir til.

Sambandið hefur hvatt til aukins samstarfs ráðuneyta um lausn á málefnum barna sem falla í raun undir mennta-, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytin auk sveitarfélaga og boðið liðsinni sitt í því skyni. Hér hefur sambandið haft frumkvæði og stefnir að því að vera oftast í því hlutverki í hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin.

- **Miðla reynslu og upplýsingum milli sveitarfélaga, m.a. um árangursríkt nýbreytnistarf.**

Stefnt er að því að koma upplýsingamiðlun í ákveðinn farveg til viðbótar þeirri upplýsingagjöf um skólamál sem í dag má nálgast í grunnskólaskýrslu sambandsins og Árbók sveitarfélaga. Í því skyni verða m.a. skoðaðar forsendur fyrir miðlægum gagnabanka/upplýsingaveitu hjá sambandinu um árangursrík þróunar- og nýbreytniverkefni hjá sveitarfélögum. Skýra þarf betur hlutverk sambandsins í þessu samhengi og mögulegar breytingar á því með tilkomu nýrra laga um leik- og grunnskóla verði frumvörp samþykkt í núverandi mynd. Er hér verið að vísa til kafla VIII í frumvarpinu: *Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs.*

Hér er rétt að nefna að í tengslum við II. Skólaþing sveitarfélaga, sem haldið var í nóvember 2007, voru nokkur sveitarfélög/skólar með kynningar á þróunar- og nýbreytnistarfi, m.a. um samrekstur skólastiga og fleiri nýjar útfærslu í starfsháttum skóla, sem hafa gefist vel.

- **Afla og miðla upplýsingum um hvernig sveitarfélög gegna hlutverki sínu á sviði skóla- og menntamála.**

Stefnt er að því að efla enn frekar þennan þátt sem segja má að birst hafi fyrst og fremst í *Árbók sveitarfélaga* og fyrstu grunnskólaskýrslu hag- og upplýsingasviðs. Tilraunaverkefni hag- og upplýsingasviðs í fjórum sveitarfélögum sunnanlands er nú í gangi. Þar eru metnir ákveðnir þættir skólastarfs með fjölbreyttum hætti og lagður grunnur að mögulegum samanburði milli sveitarfélaga um skólahald. Verkefnið er að norskri fyrirmynd. Þá er í *Skólaskýrslu 2007* einnig fjallað um starfsemi leikskóla og stendur til að halda áfram að þróa skólaskýrsluna með þeim hætti að hún nái til fleiri skólastiga. Eins munu fleiri svið sambandsins koma að gerð skólaskýrslunnar en áður.

Mótuð verður skýrari stefna um eðli þeirrar upplýsingaöflunar sem fram á að fara hjá sambandinu til viðbótar þeirri sem nú fer fram, markmið hennar og áætlun um framkvæmd.

- **Veita leiðsögn og ráðgjöf til sveitarfélaga, eftir atvikum.**

Kjarasvið sambandsins hefur talsvert sinnt leiðsögn og ráðgjöf hvað varðar túlkun kjarasamninga, skipulag skólahalds o.fl. Önnur svið sambandsins, lögfræðisvið, hag- og upplýsingasvið og þróunar- og alþjóðasvið sjá um leiðsögn og ráðgjöf um málefni sem undir þau falla eða vísa fyrirspurnum í réttan farveg.

Haldin hafa verið almenn námskeið fyrir nýja sveitarstjórnarmenn auk sérhæfðari námskeiða fyrir skólanefndir svo dæmi sé tekið. Þá hefur sambandið, í samstarfi við Heimili og skóla, haft frumkvæði að því að efna til samstarfs við menntamálaráðuneytið um námskeiðahald fyrir foreldra í skólanefndum og formenn foreldraráða.

Á þessum vettvangi verður mótuð frekari áætlun um þróun þessa þáttar.

- **Fylgjast með þróun skóla- og menntamála innan lands og utan.**

Mikilvægt er að starfsmenn sambandsins í skólamálum fylgist með þróun skólamála innanlands og erlendis eins og kostur er. Þeir sækja m.a. norræn skólaþing sveitarfélagasambandanna ásamt því að taka þátt í að skipuleggja og halda samnorrænar ráðstefnur um skólamál.

Þá er miðlað athyglisverðum tíðindum út til sveitarfélaga, t.a.m. um rannsóknaniðurstöður AKF<sup>3</sup> í málefnum tengdum skóla- og menntamálum, svo dæmi séu tekin.

Mikilvægt er að hafa þessi tengsl og yfirsýn ekki síst í samhengi við endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla sem nú stendur yfir og sambandið hefur beina aðkomu að.

- **Stuðla að samstarfi og sameiginlegri umræðu um ýmsa þætti skóla- og menntamála á vegum sveitarfélaga og þróun þeirra, ásamt öðrum aðilum sem málið varðar.**

Stefnt er að því að halda Skólaþing sveitarfélaga annað hvert ár þar sem stjórnendur sveitarfélaga og stjórnendur og starfsmenn skólamála í sveitarfélögum hittast, bera saman bækur sínar og ræða álitamál og stefnumál. Hitt árið er gert ráð fyrir að haldin verði málþing eða málstofa, sambærileg þeirri sem sambandið gekkst fyrir í mars 2006. Um er að ræða nokkurs konar stefnumót sveitarstjórnarmanna, og fræðimanna og rannsakenda á sviði skólamála, auk stjórnenda málefna skóla í sveitarfélögunum. Markmið þess er að ræða faglegar og fræðilegar forsendur stefnumótunar og ákvarðanatöku í skóla- og fræðslumálum og skapa vettvang til skoðanaskipta í þessu skyni.

---

<sup>3</sup> AKF ([www.akf.dk](http://www.akf.dk)) er dönsk rannsóknastofnun sem sérhæfir sig í rannsóknum á viðfangsefnum opinbera geirans, sérstaklega sveitarfélaga.

- **Vinna að sameiginlegri framtíðarsýn sveitarfélaga um skóla- og menntamál, eða ákveðnum þáttum hennar, með hagsmunaaðilum.**

Hagsmunaaðilar um málefni skóla og menntunar þurfa að eiga faglegan vettvang til að skiptast á skoðunum og vinna að framþróun skólastarfs ekki síður en kjara- og rekstrarlegan. Vinna við mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar sambandsins, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands hófst í kjölfar samkomulags sem LN og ofangreindir aðilar gerðu með sér 8. mars 2007 um lausn ákvæðis 16.1 í kjarasamningi. Er með þessu markvisst reynt að færa samstarf aðila í ákveðinn farveg sem leiða á til gagnkvæms ávinnings þegar kemur að kjaraviðræðum og áætlunum sveitarfélaga um framþróun skólastarfs.

Binda aðilar miklar vonir við þetta nýja vinnulag og stefnt að aðkomu fleiri hagsmunaaðila í þessu skyni, þ. á m. foreldra, fulltrúa menntamálaráðuneytis og fleiri.

## **2. Leiðarljós**

Samband íslenskra sveitarfélaga, sem bakhjarl sveitarfélaga við rekstur og uppbyggingu skólastarfs, hefur velferð barna og unglinga að leiðarljósi og leggur áherslu á í stefnu sinni að menntun, mannvirðing og mannúð séu þar lykilhugtök. Mikilvægt er að leggja rækt við samvinnu á milli heimila og skóla og það sameiginlega verkefni að búa börnum sem best uppeldis- og menntunarskilyrði.

Áherslur sambandsins miða því fyrst og fremst að því að aðstoða sveitarfélög við að efla starf skólanna þannig að þeir veiti nemendum góða þjónustu með fjölbreyttu skólastarfi. Við endurskoðun laga um leik- og grunnskóla segir m.a. í áhersluatriðum sambandsins að hagsmunir nemenda skulu ætíð hafðir í forgrunni og ekki yfirskyggðir af hagsmunum starfsstétta, öðrum hagsmunum sveitarfélaga, rekstraraðila eða stjórnvalda. Þá þykir ástæða til að benda, sveitarstjórnnum og fræðslufirvöldum á þann gagnkvæma ávinning og þau tækifæri sem felast í tengslum skóla við nærsamfélag sitt. Sambandið hvetur sveitarfélög í stefnumörkun sinni í málefnum skóla og menntunar til aukins samstarfs við atvinnulíf og aðra starfsemi í sveitarfélaginu. Í nýjum drögum að grunnskólalögum er m.a. lögð til sú nýbreytni að komið verði á fót skólaráði við grunnskóla með þátttöku fulltrúa nærsamfélagsins.

## **3. Almenn stefnumið**

Hvað varðar almenn stefnumið um áherslur í málefnum skóla og menntunar vill sambandið að:

- **Lög um skólamál séu almenn rammalög sem virði sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.**
- **Aðalnámskrár dragi fram megináherslur skólastarfsins og gefi svigrúm til fjölbreytni og sveigjanleika hvers sveitarfélags til að útfæra skólastarfið.**

Sambandið lagði á það ríka áherslu í vinnu við heildarendurskoðun laga um leik- og grunnskóla, sem fram fór veturinn 2006–7, að um almenna

rammalöggjöf yrði að ræða sem virði sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í málaflokknum, þ.m.t. möguleika á samrekstri skólastiga. Nauðsynlegt er að draga úr þeirri miðstýringu á rekstrarfyrirkomulag, stjórnun, mönnun o.fl. sem sér í lagi núgildandi lög um grunnskóla fela í sér. Sveitarfélög þurfa að fá aukið svigrúm varðandi rekstur sinna skóla svo unnt sé að sniða starfsemina betur að þörfum nemenda og aðstæðum í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

- **Tryggja þarf skilvirkt samstarf ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga vegna barna á leik- og grunnskólaaldri sem búa við fötlun, sjúkdóma og aðrar sérstakar aðstæður. Mikilvægt er að greina og leysa úr kerfislægum vanda í þessu skyni.**

Afar brýnt er, út frá hagsmunum barna og fjölskyldna, að ráðuneytin komi sameiginlega að málinu svo tryggja megi að nemendur verði ekki af nauðsynlegri þjónustu vegna óljósra ábyrgðarskila verkefna milli ráðuneyta og/eða ríkis og sveitarfélaga. Má í því samhengi nefna sérstaklega málefni barna með geðrænan vanda. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi á árinu 2007 ályktun skólamálanefndar þess efnis til félagsmála-, heilbrigðis- og menntamála-ráðuneyta og bauð fram liðsinni sitt við lausn þessa vanda.

- **Auka þarf sveigjanleika og samstarf milli skólastiga. Lagt er til að gerð verði tilraun með rekstur framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga, eins eða fleiri.**

Það er almennt sjónarmið að efla þurfi samstarf, flæði og sveigjanleika milli skólastiga. Sambandið lagði á það áherslu í vinnu við heildarendurskoðun laga um leik- og grunnskóla að möguleiki til samreksturs skólastiga yrði lögfestur. Er slíkt ákvæði að finna í báðum frumvörpum. Undanfarin misseri hafa grunnskólanemar í efstu árgöngum getað samþætt nám sitt námi í framhaldsskóla með ýmsum hætti. Þar hafa sveitarfélög sýnt ákveðið frumkvæði í því skyni að þjónusta betur nemendur sína og með fjölbreyttari hætti. Sambandið leggur jafnframt til í stefnu sinni að hafinn verði tilraunarekstur framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga. Ályktanir í því skyni voru m.a. samþykktar á 21. landsþingi þess í mars 2007. Eðli framhaldsskólanáms hefur breyst undangengna áratugi. Hann er ekki lengur safnskóli í örfáum landsfjórðungum með þröngum inntökuskilyrðum heldur skal hann standa öllum opinn, sbr. VI. kafla laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Sú krafa verður því háværi að hann verði skilgreindur sem nærþjónustuverkefni sveitarfélaga, ýmist sem heildstæður framhaldsskóli eða hluti framhaldsskóla/framhaldsdeild. Ríflega 90–95% árgangs hefja nám í framhaldsskóla í dag að loknum 10. bekk. Ákveðinn vísi að þessari þróun má í dag sjá í nýstofnuðum Menntaskóla í Borgarnesi (MB), þar sem Borgarbyggð er annar stærsti hluthafi í rekstrinum, og í Framhaldsskóla Snæfellinga (FSN). Hófst kennsla haustið 2007 á Patreksfirði í tveggja ára framhaldsdeild út frá FSN á grundvelli sérstaks samstarfssamnings milli menntamálaráðuneytis, Vesturbyggðar og Tálknafjarðar um rekstur hennar.

- **Ákvarða þarf með skýrum hætti rekstrar-, kostnaðar- og faglega ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á tónlistarskólum og sjálfstætt reknunum skólum.**

Staða rekstrarlegrar ábyrgðar tónlistarskólanna er óskýr og ekki ljóst með hvaða hætti hún skiptist milli ríkis og sveitarfélaga, m.a. í samhengi við aldur nemenda

í tónlistarnámi. Hefur þetta valdið sveitarfélögum miklum vandkvæðum að ekki sé minnst á nemendur tónlistarskólanna og óljós réttindi þeirra til fjárhagslegs stuðnings í námi. Ekki er skýrt hverjar raunverulegar skyldur sveitarfélaga eru gagnvart nemendum. Nefnd sem hóf störf í ágúst 2003 og hafði það verkefni að fjalla um „... kostnaðarskiptingu og fyrirkomulag tónlistarkennslu á framhalds-skólastigi ... og atriði er snúa að endurskoðun gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 ...“ hefur ekki verið virk sl. tvö ár. Ekki verður við þetta ástand unað og hefur sambandið ítrekað óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að vinna þessi verði endurvakin og að hafist verði handa að nýju við lausn þessa máls á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu stendur til að kynna frumvarp um tónlistarskóla fyrir vorþing 2008 og má því búast við að til tíðinda fari að draga.

Afar mikilvægt er að tekin séu af öll tvímæli varðandi réttindi, skyldur og ábyrgð rekstraraðila sjálfstætt rekinna skóla gagnvart sveitarfélögum. Í frumvarpi til nýrra grunnskólalaga segir í 43. grein: „Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr., *eftir því sem við á.*“ Í frumvarpi til laga um leikskóla er kveðið skýrar að orði í 25. grein, til viðbótar samskonar klausu og hér að ofan: „Sveitarfélög skulu setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa.../ *rekstrarleyfi skal skýrt kveðið á um réttindi og skyldur rekstraraðila samkvæmt lögum þessum.*“ Enginn vafi má leika á um hlutverk og ábyrgð sveitarfélags gagnvart eftirlitsskyldu með sjálfstætt reknum skólum og upplýsingaskyldu rekstraraðila til sveitarfélags. Þá þurfa skyldur og ábyrgð rekstraraðila varðandi þjónustu við börn með sérþarfir í þeim skólum að vera ótvíræðar. Mikilvægt er að réttindi allra barna til náms, kennslu og sérfræðiþjónustu við hæfi sé tryggð óháð rekstrarformi.

- **Kjarasamningar styðji við framþróun og nýbreytni í skólastarfi.**

Sambandið leggur áherslu á að kjarasamningar og starfslýsingar starfsfólks skóla séu með þeim hætti að þeir styðji við og stuðli að auknum sveigjanleika í starfsháttum og framþróun skólastarfs. Sveigjanleiki í starfsháttum skóla er ein grundvallarforsenda skólaþróunar og því afar mikilvægt að kjarasamningar ýti undir hann. Fjölbreyttari og sveigjanlegri skilgreiningar á vinnutíma starfsfólks eru til þess fallnar að auka svigrúm til að þróa skólastarf áfram með margbreytilegri hætti.

- **Skólar eigi vól á faglegum stuðningi og ráðgjöf á vegum sveitarfélaga.**

Sveitarfélög, hvert um sig eða í samstarfi, skulu sjá til þess að skólarnir hafi aðgang að stuðningi og ráðgjöf í starfi. Víðast hvar hafa skólaskrifstofur þetta hlutverk en ekki skipuleggja öll sveitarfélög skólarekstur með þeim hætti heldur kaupa sum þeirra nauðsynlega sérfræðiþjónustu af öðrum sveitarfélögum. Mikilvægt er að starfsfólki skóla sé tryggður aðgangur að sérfræði- og kennsluráðgjöf ekki síður en nemendum sem á sérfræðiþjónustu þurfa að halda.

#### 4. Eftirlit og gagnaöflun

Sambandið leggur áherslu á að eftirlit menntamálaráðuneytisins með starfi skóla sé virkt og styðjandi og liður í eðlilegri framþróun skólanna. Hafa sveitarfélög kvartað undan því að ráðuneytið hafi ekki sinnt lögbundnu eftirliti með skólahaldi sem skyldi og eftirfylgd í kjölfar ytra mats og úttekta á leik- og grunnskólum hafi verið ábótavant. Í drögum til nýrra laga um leik- og grunnskóla kveður við talsvert nýjan tón í kafla um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs. Ágreiningur er um ákveðnar áherslubreytingar og mun sambandið fylgja eftir þeirri stefnu sem hér er sett fram svo ábyrgðar- og verkefnaskylda ráðuneytis og sveitarfélaga verði bæði skýr og afdráttarlaus.

Þá vill sambandið jafnframt hvetja sveitarfélög til að sinna eftirliti með skólastarfi, setja sér ákveðið verklag varðandi þá vinnu og gera grein fyrir því í stefnumörkun fyrir málaflökkinn. Á þeim grundvelli geta sveitarfélög byggt markvisst upp og þróað skólastarf sitt áfram. Hag- og upplýsingasvið sambandsins hefur nú forgöngu um samanburðarverkefni sem rekið er í tilraunaskyni í fjórum sveitarfélögum. Því er ætlað að meta ákveðna þætti skólastarfs og gerir sveitarfélögum auðveldara fyrir með samanburð. Stefnt er að því að þetta matsform verði í kjölfarið þróað og útfært til notkunar í öllum sveitarfélögum landsins.

Sambandið undirstrikar í stefnu sinni mikilvægi þess að samráð og samstarf verði aukið milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra aðila sem afla gagna um skólahald leik-, grunn- og tónlistarskóla í landinu, t.a.m. ráðuneyta, Hagstofu Íslands, Námsmatsstofnunar o.fl. Sambandið, sem jafnframt sinnir tiltekinni gagnaöflun um skólahald í sveitarfélögum telur að hér megi endurskoða og samhæfa vinnubrögð til aukins hagræðis og betri yfirsýnar yfir málaflökkinn í heild í þágu allra hagsmunaaðila.

Nánari útfærslu skólamálastefnu sambandsins verður að finna í starfsáætlunum einstakra sviða þess, ásamt áætlun um framkvæmd, mat á árangri og endurskoðun stefnunnar.

*Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga  
var samþykkt á fundi stjórnar sambandsins  
22. febrúar 2008.*